



## Vinnuskóli sumarið 2016

### Reglur

**Vinnuskóli fyrir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar. Unglingar fæddir 2000, 2001 og 2002.**

Vinnuskóli Grundarfjarðar verður starfræktur sumarið 2016 frá 6. júní til 8. júlí, alls fimm vikur.

Vinnutími er 7 klst. á dag, kl. 8:00-12:00 og 13:00-16:00, mánudaga-föstudaga.

Vinnuskólinn er sambland af námi og starfi. Þeir sem taka þátt í allri dagskránni fá greidd laun fyrir fræðsludaga. Vinnan felst aðallega í fegrun og snyrtingu opinna svæða. Auk þess að læra grunnatriði við almenna vinnu, stundvísi, vinnu með öðrum, meðferð og frágang áhalda og tækja.

Allir nemendur Vinnuskóla Grundarfjarðar fá umsögn um frammistöðu sína að sumarstarfi loknu. Atriði sem skipta máli í matinu eru: Stundvísi, framkoma, hæfni til að taka fyrirmælum, vandvirkni, sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinna, afköst og meðferð verkfæra.

#### Vinnureglur

- Mæta ber stundvíslega til vinnu og sýna hlýðni og kurteisi.
- Beiðni um leyfi þarf að berast umsjónarmanni vinnuskólans með nægum fyrirvara.
- Ef veikindi verða þurfa foreldrar eða forráðamenn að tilkynna þau til Ragnheiðar umsjónarmanns vinnuskólans í síma: 690 6559 / 869 6006 fyrir kl. 08:00 á veikindadegi.
- Fara skal vel með verkfæri og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum leiðbeinanda.
- Greidd eru laun fyrir fræðsludag ef tekið er þátt í allri dagskrá vinnuskólans.
- Dregið er af launum ef mætt er of seint til vinnu. Ítrekuð brot varða brottrekstri úr skólanum.
- Nemendur leggja sjálfir til allan fatnað og skulu koma til vinnu klæddir með tilliti til verkefna og veðurfars.
- Nemendur hafi ávalt með sér nesti.
- Brot á starfsreglum getur þýtt brottvísun, að undangenginni áminningu.
- Umsjónarmaður vinnuskólans veitir áminningar og getur vikið nemendum úr starfi.
- Vinnuskólinn er reyklusinn vinnustaður. Það gildir einnig á leið til og frá vinnu.

#### Starfskjör:

Laun og kjör unglunga eru ekki tengd stéttarfélagssamningum.

Unglingar fæddir 2001 eða síðar eru undanþegnir staðgreiðslu skatta.

Unglingar fæddir 2000 eða fyrr ber að skila skattkorti og greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Framlag reiknast frá 16 ára afmælisdegi.

Unglingar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.



**Grundarfjarðarbær**

**Laun með orlofsgreiðslu:**

Nemendur í 8. bekk (fæddir 2002) fá kr. 829 á tímann.

Nemendur í 9. bekk (fæddir 2001) fá kr. 995 á tímann.

Nemendur í 10. bekk (fæddir 2000) fá kr. 1.160 á tímann.

**Útgreiðsla launa fer fram 1. júlí og 1. ágúst 2016.**

Orlofsgreiðsla er innifalin í tímalaunum.